



# KRISTNIBOÐSSAMBANDIÐ

## SAMBAND ÍSLENSKRA KRISTNIBOÐSFÉLAGA

### Siðareglur

#### 1. Tilgangur siðareglna

1.1 Að veita stjórn, starfsfólki og sjálfboðaliðum Kristniboðssambandsins stuðning til faglegrar og ábyrgrar vinnu.

1.2 Að veita stjórn, starfsmönnum og sjálfboðaliðum siðleg viðmið um breytni umfram hreinar lagalegar skyldur.

1.3 Að upplýsa um gildi sem móta starfið og styrkja þannig ímynd Kristniboðssambandsins og traust almennings á starfi þess.

#### 2. Samskipti og framkoma

2.1 Stjórnarmenn, starfsmenn og sjálfboðaliðar skulu gæta vandvirkni og samvirkusemi auk þess að sýna skjólstæðingum heima og heiman, styrktaraðilum, samstarfsmönnum og öðrum þeim sem starfað er með eða fyrir, virðingu og sanngirni, trúnað, umhyggju og heiðarleika í öllum samskiptum auk þess að gæta hlutlægni og réttssýni. Hafa skal í huga að orð og athafnir samrýmist markmiðum Kristniboðssambandsins og starfi, umhverfi, stað og stund.

2.2 Stjórnarmenn, starfsmenn og sjálfboðaliðar eru fyrirmyndir í starfi SÍK og ber að sýna góða hegðun og gott fordæmi jafnt í starfi sem og utan þess.

2.3 Stuðla skal að heilbrigðu, uppbyggjandi og vönduðu starfi og meðvitund um eigin ábyrgð hvort sem það er meðal fullorðinna eða með börnum og unglingum, heima eða erlendis.

2.4 Stjórnarmenn, starfsmenn og sjálfboðaliðar skulu ekki mismuna neinum með orðum eða hegðun á grundvelli þjóðernis, uppruna, kynþáttar, litarháttar, kyns, aldurs, trúarbragða, skoðana, kynhneigðar, fötlunar, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti.

2.5 Starfsfólk eða sjálfboðaliðar skulu ekki misnota stöðu sína á neinn hátt, svo sem líkamlega, andlega eða kynferðislega þegar kemur að samskiptum við þátttakendur, skjólstæðinga eða annað starfsfólk og sjálfboðaliða.

2.6 Stjórnarmenn, starfsmenn og sjálfboðaliðar skulu aldrei misnota aðstöðu sína gagnvart þeim sem þeir eiga í samskiptum við eða þátttakendum í starfi eða skjólstæðingum með neinum hætti sér til framdráttar eða eigin hags. Komi upp sú staða að hætta sé á hagsmunaárekstrum skulu aðilar greina frá öllum hugsanlegum persónulegum hagsmunum sem geta haft áhrif á störf þeirra. Framkvæmdastjóri og stjórn meta hvort um hagsmunaárekstur er að ræða.

2.7 Stjórnarfólk, starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu leitast við að skapa jákvætt andrúmsloft í starfi. Gæta skal hófs og sanngirni í ummælum um hvert annað eða aðra svo sem með því að taka ekki

þátt í slúðri eða dreifa rógi. Trúnaður skal ríkja um persónuleg mál sem starfsfólk verður áskynja í starfi sínu og varir sá trúnaður þó svo störfum sé hætt. Kristniboðssambandið hefur sett sér persónuverndarstefnu og leitast við að fara að lögum um meðhöndlun persónuupplýsinga.

2.8 Kynferðisáreiti og einelti er ekki liðið. Kristniboðssambandið hefur sett sér verklagsreglur um meðferð slíkra mála og hvernig megi koma í veg fyrir slík brot.

2.9 Hver sá sem á í samskiptum við fjölmiðla skal sýna heiðarleika og gagnsæ vinnubrögð án þess að ljóstra upp trúnaðarupplýsingum. Lögð er áherslu á að veita réttar og eins nákvæmar upplýsingar og unnt er. Ekki skal fullyrða meira en vitneskja gefur tilefni til hverju sinni og viðurkenna þegar þekking er takmörkuð og afla frekari upplýsinga eða vísa fyrirspurnum annað.

Í kynningu starfsins á eign miðlum og annars staðar skal leggja áherslu á markmið starfsins í heild og einstakra verkefna. Tala skal um þátttakendur verkefna af virðingu og gæta þess við myndanotkun hún sé ekki særandi.

### **3. Verkefni og ábyrgð**

3.1 Kristniboðssambandið starfar í anda kristinnar trúar og mannskilnings sem byggir á boðskap Biblíunnar. Kristniboðssambandið virðir trú, menningu og venjur móttakenda. Engar trúar- eða menningarvenjur verða þó taldar ofar grundvallarmannréttindum eins og þau eru skilgreind í mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

3.2 Kristniboðssambandið veitir aðstoð á grundvelli þarfar án tillits til hverjir viðtakendur er og hver sé orsök neyðar þeirra. Við berum ábyrgð á samferðamönnum og þeim heimi sem við lifum í. Skal það endurspeglast í starfsháttum, vali á verkefnum og afstöðu okkar til fólks, náttúrunnar og umhverfisins.

3.3 Kristniboðssambandið veitir aðstoð til sjálfshjálpar og virkjar skjólstæðinga eins og unnt er í öllu ferli aðstoðar.

3.4 Kristniboðssambandið leggur áherslu á áreiðanleika, heiðarleika, gagnsæi og góða stjórnarhætti, að veita ávallt faglegar og réttar upplýsingar og vera skýrt í skilgreiningum.

3.5 Öll starfsemi og vinnubrögð skulu unnin á opinn, upplýstan, gagnsæjan og lýðræðislegan hátt.

3.6 Kristniboðssambandið er aldrei verkfæri stjórnvalda hvorki íslenskra né erlendra.

### **4. Ábyrgð starfsmanna og stjórnar**

4.1 Starfsmenn og stjórn virða hver annan og styðja, miðla upplýsingum og stuðla að framgangi verkefna og hugsjón SÍK en ekki sínum eigin.

4.2 Stjórn og starfsmenn gangast undir siðareglur þessar og veita hvert öðru jákvætt aðhald til að halda þær.

4.3 Öllu starfi skal sinna með hagsmuni Kristniboðssambandsins að leiðarljósi og standa vörð um markmið og heiður þess. Heiður samtakanna er þó ekki ofar sannleikanum.

4.4 Kristniboðssambandið leggur áherslu á að kynna fagnaðarerindið fólki annarrar trúar í samstarfi við kirkjur og kristileg samtök í hverju landi fyrir sig og af virðingu. Sérhver notkun valds,

hótana, þrýstings eða að ráðskast með aðra í orði eða verki á ekki að eiga sér stað. Allir eiga rétt á að hafa og ástunda sína trú eða lífsskoðun.

4.5 Starfsmenn Kristniboðssambandsins skulu leitast við að lifa í friði og sátt við alla menn og sín á milli að sína hver öðrum virðingu og leita uppgjörs, fyrirgefningar og sátta þegar við á.

4.6 Við mannráðningar skal gæta þess að misnota ekki aðstöðu til að ráða skyld- eða venslafólk til starfa. Komi upp slík staða að vensl eða skyldleik sé við einhvern í stjórn félagsins vegna ráðningar eða annarra hagsmunamála skal viðkomandi stjórnarmaður víkja af fundi meðan málin eru rædd og ákvörðun tekin.

4.7 Starfsmenn og stjórn veita ekki fyrirgreiðslu vegna persónulegra tengsla eða vensla og nýta ekki trúnaðarupplýsingar í eiginhagsmunaskyni.

4.8 Starfsmenn forðast að taka að sér verkefni sem samræmast ekki skyldum eða starfi þeirra hjá samtökunum. Í vafa skal leita samþykkis stjórnar.

## **5. Ábyrg fjármál**

5.1 Kristniboðssambandið hefur sett sér reglur um meðferð og miðlun fjármuna sem samtökin afla og verja.

5.2 Starfsfólk er sér meðvitað um að það vinnur með almannafé og gætir ráðdeildar í hvívetna.

5.3 Upplýsingar um tekjur og ráðstöfun eru gegnsæjar, settar fram á einfaldan og skýran hátt. Allar færslur á fjármunum skulu skráðar með viðeigandi hætti og tækar til endurskoðunar.

5.4 Gæta skal trúnaðar um gefendur og fjárhæðir þegar þess er óskað.

5.5 Kristniboðssambandið aflar ekki fjár með vafasömum hætti og tekur ekki við styrkjum frá aðilum eða starfsemi sem vinnur gegn markmiðum samtakanna.

5.6 Aldrei er heimilt að skuldbinda Kristniboðssambandið umfram samþykktir stjórnar eða aðalfundar eftir því sem við á. Fjármuni og eigur skal aldrei nota nema í þágu Kristniboðssambandsins eða verkefna sem samræmast stefnu þess.

## **6. Viðbrögð við brotum á siðareglum**

6.1 Leiki grunur á því að starfsmenn eða sjálfboðaliðar hafi brotið siðareglur þessar eða grunur vakni um spillingu, skal hver sem þess verður var, tilkynna það framkvæmdastjóra eða stjórnarmanni. Eigi stjórnarmenn í hlut skal málið tilkynnt framkvæmdastjóra, og stjórninni ef framkvæmdastjóri á i hlut.

6.2 Tryggt skal að sá sem tilkynnir meint brot beri ekki skaða af því persónulega eða á vinnustað.

6.3 Skjólstæðingar geta öruggir komið á framfæri kvörtun til formanns eða framkvæmdastjóra telji þeir á sér brotið samkvæmt siðareglum samtakanna.

6.4 Gerist starfsmenn eða sjálfboðaliðar brotlegir við ofangreindar reglur er heimilt að vísa þeim úr starfi, tímabundið eða að fullu.

*Samþykkt af stjórn SÍK, 8. nóvember 2021*